



GREINARGERÐ VINNUHÓPS UM SAFNAMÁL DALABYGGÐAR

Skipan hóps og upphaf vinnu

Byggðaráð Dalabyggðar samþykkti á 305. fundi sínum þann 23. febrúar að skipa Þorgrím Einar Guðbjartsson, Ingvaldi Guðmundsdóttur og Jón Egill Jóhannsson í vinnuhóp til að halda utan um vinnu til að finna byggðasafni/listasafni nýja aðstöðu, m.t.t. varðveislu og miðlunar, í samræmi við framlagt erindisbréf hópsins. Með hópnum skyldu starfa safnvörður, Valdís Einarsdóttir og starfsmaður skrifstofu Dalabyggðar, Jóhanna María Sigmundsdóttir sem skyldi vera ritari hópsins og sjá um að afla upplýsinga milli funda ef þyrfti.

Í upphafi kallaði formaður hópsins eftir öllum þeim gögnum sem til væru um það sem hafði verið gert í málinu á síðustu árum, ásamt skýrslu menningarmálanefndar um félagsheimilin sem unnin var 2020. Þá voru einnig hafðar til hliðsjónar safnastefnur Vesturlands sl. ár, gögn sveitarfélagsins er nefndu safnamál að einhverju leyti auk laga sem um málaflokkinn gilda.

Fundir hópsins

Á fyrsta fundi var farið vítt og breitt, taldir upp ýmsir möguleikar t.d. nýting á einhverju því húsnæði sem sveitarfélagið á í dag. Þá var farið yfir samantekt sem safnvörður gerði fyrir fundinn um kosti og galla nokkurra valkosta og einnig skoðaður kjallari í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, sem hugsanlegur valkost fyrir geymslúhúsnæði.

Kom hópurinn sér saman um að útiloka engan kost að svo stöddu, en halda áfram að skoða málin.

Hraðmat var gert á húsnæðisþörf safnsins og var safnverði falið að reyna að finna út hver væri hugsanlegur kostnaður við byggingu á niðurstöðu þess. Um væri að ræða ca. 560 - 680 m² húsnæði sem myndi hýsa bæði safnið og geymslur, auk þess að hafa forvörslurými, móttökurými og afgreiðslu ásamt starfsmannaaðstöðu. Það var einnig talin kostur að geta skipt starfseminni milli tveggja húsa og áhersla lögð á aðgengi fyrir alla að nýju húsnæði safnsins.

Einnig var rætt um möguleika á sameiginlegum geymslum safna á Vesturlandi, mögulega styrki og rekstrarform. Í lok þessa fundar lagði formaður til að hópurinn myndi skoða rækilega að leggja til að byggt yrði nýtt húsnæði á hentugum stað og fóru fundarmenn heim með það heimaverkefni að leita lausna varðandi staðsetningu.

Á öðrum fundi kom í ljós að erfitt væri að gera raunhæft kostnaðarmat á nýrri byggingu fyrir safnið á þeim forsendum sem við ræddum á fundinum áður. Þá kom einnig í ljós að kostnaður við að gera kjallara

Stjórnsýsluhúss svo úr garði að hægt væri að nýta sem geymslu, var allt of hár miðað við notagildi. Rætt um möguleika á nýbyggingu og farið yfir skipulagsmál. Möguleikar á byggingarefni eru fjölbreyttir. Ljóst var að hvaða leið sem yrði valin, þá þyrfti alltaf fjármagn, ýmist til byggingar eða lagfæringar. Farið yfir mögulegar fjármögnunarleiðir. Þá var lagt upp með að skoða þyrfti mögulegt geymsluhúsnæði og hver hugsunin með því væri, að finna ódýrustu lausnina til skemmri tíma eða eitthvað dýrara sem gæti nýst áfram.

Það húsnæði sem Dalabyggð á nú þegar henta misvel fyrir geymslu, sýningar og starfsemi meðfram safnrekstri. Varðandi nýbyggingarmöguleika þá þarf ekki að horfa til að byggja bara eitt húsnæði fyrir allt, það má skipta upp aðstöðunni. Fyrir næsta fund skyldi kanna möguleika á fjármögnun, sóknarfæri verkefnisins m.t.t. sögu og menningar á svæðinu og rekstrarforms. Í lok fundar var skoðun hópsins að horfa til þess að nýta Tjarnarlund sem geymslurými en horfa áfram til nýbyggingar.

Á þriðja fundi var farið yfir vinnu frá síðasta fundi. Á borðinu voru fjórar sviðsmyndir:

- Loka safninu alveg og koma fyrir í varanlegri geymslu án alls sýningarhalds.
- Nota það húsnæði sem er til, með minniháttar lagfæringum og ekki hugsað til framtíðar.
- Laga eða aðlaga húsnæði sem er til, byggja við, horft til að öll starfsemi gæti verið áfram.
- Byggja nýtt, hver sem útfærslan yrði nákvæmlega en tekið mið af þeirri þörf sem vinnuhópurinn greindi á fyrsta fundi.

Ljóst var að hvaða leið sem yrði fyrir valinu, þá myndi alltaf fara svo að safnkostur þyrfti að komast í geymslu, allur eða að hluta til, til skemmri eða lengri tíma.

Niðurstaða fundarins var að skoða byggingu geymsluhúsnæðis í tengslum við uppbyggingu atvinnuhúsnæðis að lðjubraut í Búðardal. Telur hópurinn að kostir þess séu m.a.:

- Nálægð svæðis við viðbragðsaðila.
- Einfaldari útlitshönnun, þar sem húsið þyrfti ekki að vera í samræmi við safnahús.
- Möguleikar á að samnýta vinnu við byggingu húsnæðis með uppbyggingu atvinnuhúsnæðis.
- Minni hættu á að allt glatist ef eitthvað kemur upp (s.s. eldur, vatnstjón o.s.frv.) ef safnahús og geymsla eru ekki í sama húsnæði og ekki á sama svæði.
- Geymsla sem þessi nýtist sama hvaða sviðsmynd verður valin í framhaldinu.
- Staðsett stutt frá núverandi starfsmannaaðstöðu.

Samhliða því að byggja upp geymslu yrði horft til Árbliks sem staðar þar sem sýningarsalir yrðu byggðir, með það að markmiði að hægt væri að nýta þau innviði sem þar eru nú þegar. Þar er kostur þau samlegðaráhrif sem verða með sýningu safnkosts og annars reksturs á staðnum, slíkt fyrirkomulag gæti jafnvel létt undir daglegum rekstri sýninga.

Fjórði fundur fór í að slípa til þessar tvær lausnir sem voru komnar á síðasta fundi.

Hópurinn leggur því til eftirfarandi:

- Byggja upp geymsluhúsnæði við lðjubraut, verkefnið verði samhliða uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á því svæði.
- Sýningarsalir fyrir sýningarhald Byggðasafns Dalamanna, verði byggðir upp við Árblik. Núverandi inngangur og salerni verði sameiginlega nýtt fyrir bæði daglegan rekstur í Árbliki og sýningarsali.

Tillaga hópsins

Geymsluhúsnæði fyrir Byggðasafn Dalamanna og listasafn Dalamanna verði reist við lójubraut samhliða annarri uppbyggingu atvinnuhúsnæði þar. Skoðað samhliða því að hafa sýningarhald meðfram rekstri í Árbliki.

Með því að velja þessar leiðir verður uppbyggingin bæði ódýrari og einfaldari, þar sem hvort um sig geymslur og sýningarsalir, eru einfaldar byggingar. Þó leggur hópurinn áherslu á að við Árblik verði hugað að því að nýjar byggingar verði í sambærilegum dúr og núverandi húsnæði á staðnum. Rekstur geymsluhúsnæðis í Búðardal er á margan hátt hentugt. Bæði er það nálægt viðbragðsaðilum ef upp kemur eldur. Það er á nokkuð hættulausu svæði hvað varðar aðrar náttúruhamfarir og er í námunda við skrifstofu safnvarðar.

Sýningarsalir við Árblik eru einnig vel í sveit settir, með tilliti til samgangna, stutt og örugg akstursleið hvort sem er fyrir viðbragðsaðila eða starfsmenn. Einnig getur staðsetning þar orðið lyftistöng fyrir staðin og aukið nýtingu og nýtingarmöguleika á húsnæði félagsheimilisins, bæði eins og verið hefur sem og á annan hátt. Þá gæti þetta orðið upphafið að því að hefja safnkostinn okkar til vegs og virðingar í minningu þeirra sem vörðu kröftum sínum og ævistarfi í að safna og varðveita sögulega muni Dalanna.

Búðardal, 14. apríl 2023

Ingveldur Guðmundsdóttir

Jón Egill Jóhannsson

Þorgrímur Einar Guðbjartsson